



Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

24. febrúar 2015

Pingskjal 649 – 427. mál

Samband sveitarfélaga á Austurlandi tekur undir [umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) við málið, einkum hvað varðar að vinna samhliða uppbyggingu á ferðamannastöðum að því að bæta samgöngur og efla innviði til að mæta fjölgun ferðamanna. Einnig ítrekar SSA ályktun sína frá síðasta aðalfundi um mikilvægi þess að dreifa ferðamönnum betur um landið með því að opna aðra gátt inn í landið.

Egilsstaðaflugvöllur

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 lýsir yfir vilja til að taka þátt í þeirri nauðsynlegu stefnumörkun sem þarf að eiga sér stað í íslenski ferðaþjónustu. Fjölgun ferðamanna og álag á ferðamannastaði á sunnanverðu landinu sem og á Keflavíkurflugvöll hefur náð þolmörkum og því brýnt að leita lausna til framtíðar. Fundurinn bendir á Egilsstaðaflugvöll sem augljósa aðra fluggátt inn í landið og rökréttan hluta af þeirri heildarlausn sem nauðsynleg er í málefnum ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er að búa flugvöllinn, sem er varaflugvöllur Keflavíkurflugvallar, þannig úr garði að hann uppfylli kröfur um þjónustustig vegna aukinnar umferðar. Brýnt er að ríkið tryggi nauðsynlegt fjármagn til þessara framkvæmda, þá sérstaklega flughlaða og um leið að ríkið móti sér framtíðarstefnu um Egilsstaðaflugvöll sem millilandaflugvöll. Áfram verði unnið að markaðsetningu Egilsstaðaflugvallar á þeim grunni sem kynntur var á fundinum.